

Ed.

## 137. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

### 1. kafli.

#### *Almenn ákvæði.*

##### 1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarendi heiti á öðrum erlendum málum.

##### 2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

##### 3. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti fimmtardóms, 2 aðaldómarar og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

### 2. kafli.

#### *Um skipun fimmtardóms.*

##### 4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar. Konungur skipar aðaldómara, en þeir kjósa sér forseta úr sinum hópi til eins árs í senn.

Aukadómarar eru 2 af kennurum lagadeildar háskólans, valdir samkvæmt reglum þeim, er í lögum þessum segir.

##### 5. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómurum en 3.

Í öllum óbrotnum og einföldum málum, hvort sem heldur eru opinber mál eða einkamál, skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar, og leggja þeir dóm á þau mál eftir reglum laga þessara.

Ef margbrotin mál eru, umfangsmikil eða vandasöm, þá skipa fimmtardóm 3 aðaldómarar og 2 aukadómarar, og leggja þeir allir 5 dóm eða úr-

skurð á þau mál. Þó getur dómismálaráðherra krafizt þess, að aukadómarar taki sæti í fimmtardómi í opinberum málum.

Aðaldómarar fimmtardóms skera úr því með atkvæðagreiðslu, hvort mál séu svo margbrotin, umfangsmikil eða vandasöm, að aukadómarar skuli til kvaddir.

6. gr.

Nú er ákveðið, að aukadómarar skuli kvaddir til málsmeðferðar, og snýr forseti dómsins sér þá til forseta lagadeildar háskólans og tilkynnir honum kvaðningu aukadómara. Velja lagadeildarkennarar þá 2 menn úr sinum hópi, og eru það aukadómarar fimmtardóms. Frjálst er lagadeildarkennurum að velja aukadómara til eins ákveðins máls í senn eða um tiltekið tímabil.

7. gr.

Ef autt verður sæti forseta, skal sá aðaldómari, sem lengst hefir gegnt því embætti, stýra dómi. Ef autt verður sæti aðaldómara, skipa kennarar lagadeildar háskólans það, sbr. 6. gr.

Nú verður autt sæti dómara eða aukadómara þannig, að enginn af kennurum lagadeildar geti skipað það, og setur dómismálaráðherra þá varadómara til bráðabirgða.

8. gr.

Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta dómari í hæstarétti, skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður við hæstarétt eða fimmtardóm, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, héraðsdómari, hæstaréttar- eða fimmtardómsritari eða sýnt verulega yfirburði í lögfræði með visindalegri starfsemi. Rétt er að skipa þann dómara í fimmtardómi, sem hefir gegnt samanlagt alls 3 ár fleiri en einni af áður nefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef fimmtardómur mælir með því.
3. Hafa tekið sérstakt próf í siglingafræði við námsskeið, sem sett verða um nánari ákvæði með reglugerð.
4. Séu eigi yngri en þritugir og eigi eldri en sextugir.

Undanþegnir þessu skilyrði við veitingu embætta í fimmtardómi eru þó þeir dómarar, er skipa hæstarétt þegar fimmtardómur tekur til starfa.

5. Skyldir menn eða mægðir að fedgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri, kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar, mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

Heimilt er að vikja frá því skilyrði, að dómari hafi hlotið 1. einkunn við lögfræðipróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

9. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.

2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærða, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

10. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari viki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

### 3. kafli.

#### *Um fimmtardómsritara.*

11. gr.

Rétturinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

12. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinaur fimmtardómsritari fyrir synodalréttinn.

13. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágríp af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.

3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

#### 4. kafli.

##### *Um launakjör.*

##### 14. gr.

Fastir dómarmar í fimmtardómi hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki kr. 1000,00 á ári.

Aukadómarmar í fimmtardómi fá sérstaka borgun fyrir hvert mál, er þeir dæma. Dómurinn ákveður þá þóknun.

#### 5. kafli.

##### *Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.*

##### 15. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

##### 16. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Einstök réttarhöld skulu að jafnaði eigi vara lengur en 8 tíma samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

## 6. kafli.

### *Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.*

#### 17. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár sins ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi i 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftast en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Peir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt til að flytja mál fyrir fimmtardómi.

#### 18. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvirkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

#### 19. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í rikissjóð.

#### 20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skyllt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðiljar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við fimmtardóm, þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, visvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

25. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

26. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal lita eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvirkusemi og ráðvendni. Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknunir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra.

27. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kærur verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að áfrýja sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda til dómsmálaráðherra, er þá gefur fullnaðarúrskurð í málinu, að fengnum upplýsingum frá báðum aðilum.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

7. kafli.

*Um stefnur og stefnufresti.*

28. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástätt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufresti, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

29. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlstrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

8. kafli.

*Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.*

30. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málum eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

31. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði i lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 31. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

33. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmanuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef þörum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var



lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

34. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 33. gr., en máli hans hefir verið vísað frá rétti í fimmtardómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 33. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávisunardóms.

35. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 33. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 34. gr. skal hér gilda eftir því sem við á.

36. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

37. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

38. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

39. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 33. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

## 9. kafli.

### *Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.*

#### 41. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

#### 42. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis, samkvæmt því er tíðkamt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

#### 43. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkamt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gildi um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

#### 44. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágríp úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dómnum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

#### 45. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðilar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

#### 46. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan

heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða, ef annarhvor máltlytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftár en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

47. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 46. gr. segir.

48. gr.

Fresti skal venjulega enga veita nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsg. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

49. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

50. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

10. kafli.

*Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.*

51. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

52. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar, og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómara og fimmtardómsritari. Forseti réttarins getur þó gefið öðrum leyfi til að vera við ráðagerðir, sé þess sérstaklega óskað.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem með hlutkesti hefir verið til þess valinn, og því næst sá, sem næstur er í röð, eftir hlutkesti. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stultu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Visa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

#### 53. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, sker forseti úr.

Sé ágreiningur um uppbæð peningagreiðslu eða annað það, er meta á og í tölum verður talið, þannig að enginn meiri hluti fái, skal niðurstaðan verða meðaltalan.

#### 54. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt hlutkesti fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kalli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 53. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eitt því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 13. gr., tölulið 3.

#### 55. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í upp-  
kvaðningu hans.

56. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöðu, hvaða dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fölginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skrif-  
lega flutt.

Ágreiningsatkvæði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

57. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjanda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

58. gr.

Aðfararfrest skal engan selja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafni forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

11. kafli.

*Um réttargjöld, sektir o. fl.*

59. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu . . . . .	5 krónur
Fyrir þingfestingu . . . . .	10 —
Fyrir dómsuppsögn . . . . .	20 —
Fyrir úrskurð . . . . .	10 —
Fyrir frest . . . . .	5 —
Fyrir dómkvaðningu hvers manns .	5 —

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngu-  
málum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálf gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

60. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gílt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í rikissjóð.

61. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í rikissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

12. kafli.

*Um málskostnað fyrir fimmtardómi.*

62. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæflegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

63. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

13. kafli.

*Ákvæði um stundarsakir.*

64. gr.

Núverandi dómarar í hæstarétti skulu skipaðir aðaldómarar í fimmtardómi, ef þeir óska þess. Ákvæði 3. liðs 8. gr. um sérþekkingu í siglingarfræði nær ekki til þeirra.

65. gr.

Fari svo, að ekki náist samkomulag við núverandi kennara laga-deildar háskólans um það, að þeir taki að sér aukadómarastörf í fimmtardómi, koma ákvæðin um aukadómara ekki til framkvæmdar fyrr en lagakennaraembættin eru veitt að nýju, enda fylgi þeim aukadómarastörf í fimmtardómi, eftir ákvæðum laga þessara.

Á meðan ekki koma til framkvæmda ákvæðin um aukadómara, telst fimmtardómur fullskipaður með 3 aðaldómurum, og leysir dómurinn þá þannig skipaður af hendi öll þau störf, sem undir hann eru lögð samkvæmt lögum þessum.

66. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

14. kafli.

*Niðurlagsákvæði.*

67. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyriræli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

68. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

69. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. janúar 1932.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22/1919, lög nr. 19. frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

## Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra, og fylgdu því svohljóðandi athugasemdir.

»Frv. þetta er að mestu eins og Alþingi skildi við það eftir 2. umræðu í efri deild 1930.

Eins og glögglega kom í ljós við meðferð málsins í fyrra, hafði litið verið vandað til laganna um hinn æðsta dómstól á Íslandi. Þáverandi stjórn hafði fengið einn þingmann til að gera frv. upp úr lögnum um landsyfirrätt og hæstaréttinn danska. Í engu var athuguð reynsla annara þjóða. Nafn réttarins var tekið úr dönsku, og eigi skeytt um þótt það yrði málfræðilega rangt í landi þar sem dómstigin eru aðeins tvö. Í þinginu urðu litlar umræður um málið, og vildi svo til að sá maður, sem búíð hafði til frv. fyrir stjórnina, lagði mest til mála um meðferð þess. Landsyfirrætturinn var spurður um álit sitt á málfærslunni, hvort hún skyldi vera skrifleg eða munnleg. Dómstóllinn vildi að málfærslan yrði skrifleg, en því var ekki skeytt, og fordæmi Dana látið þar ráða. Ákvæði laganna um dómaraþróf kom ekki til greina, heldur veitti Jón Magnússon embættin þeim, sem voru í landsyfirrættinum, og tveim öðrum.

Við »system«skipti þau, sem urðu hér á landi 1927, hefir komið í ljós, að hið gamla embættaskipulag var að ýmsu leyti orðið mjög úrelt. Bókfærsla ríkisins og endurskoðun var afarúrelt og ófullkomin. Framkvæmd á skiptum dánarbúa var sein og vægast sagt óþarflega dýr fyrir sum dánarbúin. Virðing lögreglunnar í höfuðstaðnum var ekki meiri en svo, að lögregluþjónn varð að fara í einkamál við afbrotamann, sem hrækti á lögregluna þegar hún var að gegna skyldum sínum. Á sjónum var réttarfárinu ekki öllu betur framfylgt, því að í bókum hins fyrsta islenzka gæzluskips stendur, að tveir islenzkir togarar voru »reknir úr landhelginni«, árið 1924, en ekki kærðir, og er vitanlegt, að þar hefir yfirstjórn landhelgismálanna lagt fingur í milli.

Á undanförunum árum hafa ýmsir af þessum ágöllum verið lagaðir. Lögreglan í Reykjavík er orðin sterk og bænum til sóma. Dánarbúum er skipt eins fljótt og unnt er og með öllu lagður niður sá siður, að skiptaráðandi taki innstæður úr sparisjóðsbókum búanna og leggi inn á sinn reikning og sér til hagsmuna. Bókfærsla ríkisins og ríkisstofnana er að verða eins fullkomin og hjá öðrum menntuðum þjóðum. Endurskoðun hjá innheimtumönnum ríkissjóðs fer fram árlega. Og islenzkir togarar eru orðnir jafnhæddir við landhelgisgæzlu þá, sem ríkið kostar, eins og erlendu skipin.

Fyrirkomulagi hæstaréttar hlaut að vera meir en litið ábótavant, eins og öðrum hliðstæðum réttarfarsframkvæmdum á sama tíma. Það var þess vegna óhjákvæmileg skylda þess þingflokks, sem í svo mörgum eignum hafði tekizt að ráða bót á sleifarlagi undangenginna þingmeirihluta, að freista líka að gera aðaldómstól landsins sem bezt úr garði, svo að hann væri í alla staði að formi og vinnubrögðum sambodinn þjóð, sem ætlar að halda sínum sessi í heidri meðal frjálsra menningarþjóða.

Við umræður og meðferð málsins á þinginu í fyrra kom í ljós, að



heill þingflokkur gat ekki hugsað með köldu blóði til þess, að aðaldómstóll landsins yrði færður í nútímahorf. En þá ber þess líka að gæta, að sá hinn sami flokkur hafði líka stritast meðan hann gat á móti öllum hinum fyrri umbótunum á réttarfarsmálunum. Tvennt var sérstaklega leiðinlegt fyrir hæstarétt sjálfan. Annað að dómendur hans rituðu Alþingi skjal um endurbót réttarins, sem var bæði ókurteist meir en hófi gegndi og auk þess ófullkomið að formi. Hitt atriðið var það, að sorpblóð bæjarins, ein 3 eða 4, sem eru þannig rituð, að þau sjást ekki í húsum vel síðaðra manna, tóku upp hanzkann svo sem verjendur fyrir hið gamla og úrelta réttarfarsform.

Breytingar þær, sem fram á er farið með frv. þessu, eru í stuttu máli sem hér segir:

1. Í stað þess að hafa málfræðilega rangt nafn á aðaldómstóli landsins, og nafn sem ilengdist hér frá erlendri kúgunaröld, er hér tekið upp nafn hins forna aðaldómstóls þjóðveldistímans. Fimmtardómurinn var dómstóll Íslendinga þegar þjóðin var alfrjáls. Við það nafn eru tengdar stoltar minningar um innlenda lögspeki og glæsilegt starf dómstóls, er uppfyllti kröfur Íslendinga um réttláta dóma á aldalöngu tímabili. Þeir einir, sem eru sérstaklega veiklaðir af erlendri kúgun, geta verið á móti því að tengja aftur tengslin við gullöld þjóðarinnar.

2. Rétturinn á að stækka. Í öllum hinum stærri málum eiga fimm menn að dæma, en ekki þrír. Þessi breyting á að skapa meira réttaröryggi. Á hinn bóginn er stillt í hóf með kostnað, því að aukadómararnir eru fyrst og fremst kennarar í lögfræði við háskólann. Þar fá þeir laun sín, en þóknun fyrir mál þau, er þeir dæma í fimmtardómi. Sumir menn vildu heldur, að dómarar væru jafnan 5. En þar kemur bæði til kostnaðaratriði og hitt; að það mun jafnan reynast töluvert erfitt að fá 8 vel fræðilega menntaða lögfræðinga til að fylla þrjú sæti við háskólann og fimm í aðaldómi landsins. Auk þess sýnir reynslan, að slíkur dómstóll hefir til meðferðar mörg smámál, sem þrír menn eiga auðvelt með að leysa úr.

3. Rétturinn á ekki að geta orðið »klíka« utan við þjóðfélagið. Ef rétturinn getur »fellt« hvern þann umsækjanda, er honum lízt, þá er voði á ferðum fyrir þjóðfélagið. Hver dómstóll er settur til að vinna fyrir það þjóðfélag, sem stofnar hann og kostar hann. Enginn dómstóll er búinn til vegna þeirra, sem í honum starfa. Af þessu leiðir, að það er þjóðfélagið, eða umboðsvald þess á hverjum tíma, sem á að ráða dómara í réttinn eins og aðra starfsmenn þjóðfélagsins. Í öllum lýðfrjálsum löndum skiptast flokkar og stéttir á að fara með umboðsvaldið, og þannig skapast af sjálfu sér og með eðlilegum hætti sú tilbreytni í veitingum embætta, sem bezt hentar þörf þjóðfélagsins. En ef fámennur hópur manna á, ábyrgðar- og aðhaldslaust frá þjóðfélaginu, að geta endurskapað sig til að vinna vandasöm verk fyrir þá þjóð og á kostnað þeirrar þjóðar, sem engu má ráða um mannvalið, þá er mikil hættu á ferðum, að almenningsheill verði oftast en skyldi fyrir borð borin.

4. Í hæstarétti Íslendinga fer atkvæðagreiðsla dómenda fram með leynd, og nálega aldrei fær þjóðin, sem kostar dómstólinn, að fá að vita um rökstuðning hltna einstöku dómenda. Þannig hefir það viljað til nú í vetur, að

tveir dómendur í hæstarétti hafa sýknað mann, sem af tilviljun var skóla-bróðir þeirra og alúðarvinur, fyrir að hafa látið stórfé frá dánar- og þrotabú-um renna í sinn sjóð sem skiptaráðanda. Þriðji dómari vill ekki vera með í þessari niðurstöðu. En almenningur fær ekki að vita hinn innri aðdraganda að niðurstöðu hinna tveggja, er meiri hlutann mynda, og alls ekki í hverju var fólgið ágreiningsatkvæði hins þriðja. Ef til vill hefir hann vilja láta dæma hinn sakfellda til ákveðinnar hegningar. Ef til vill hefir hann aðeins vilja visa málinu frá af einhverjum ástæðum. En atkvæðagreiðslan er hulin þjóðinni og rökstuðningurinn líka. Í þeirri þoku ábyrgðarleysisins getur glatazt mikið af siðferðislegu verðmæti. Þetta hafa aðrar þjóðir fundið. Norðmenn hafa tekið upp bæði hin siðast umtöluðu nýmæli í skipulag sitt. Þar ræður rétturinn engu um það, hvaða umsækjendur fá veitingu fyrir dómara-störfum. Og þar er líka opinber atkvæðagreiðsla. Þegar þeirri umbót var komið á fyrir dómendur í hæstarétti Norðmanna, voru þeir henni móttallnir, alveg eins og dómendur í landsyfirrétti voru andvígir munnlegri málfærslu þegar hæstiréttur var settur á laggir. En nú myndi enginn norskur hæstaréttardómari vilja missa hina opinberu atkvæðagreiðslu.

Í Noregi var ákaflega almenn óánægja með ýmsar niðurstöður hæstaréttar, meðan dómendur tilheyrdi allir hægrimanna- eða afturhaldsfloknum. Þá varð landfræg setning eftir ágætum frjálslyndum málfærslumanni, sem sagði: »Min skoðun er það, að í Noregi eigi enginn vinstrimaður að reyna að fara í mál«. En eftir að menn úr ýmsum stjórnsmálaflokkum skipa réttinn, hefir hróður hans vaxið á margan hátt.

Í haust sem leið lagði Zahle dómsmálaráðherra í Danmörku ýmsar mikilvægar breytingar á réttarfari landsins fyrir ríkisþingið. Ein þeirra laut að því, að atkvæðagreiðsla og rökstuðningur skyldi vera opinber í hæstarétti Dana. Við þær umræður kom Zahle við gömul kaun réttarins, á Estrupstímanum, þegar íhaldsmenn sátu að völdum sem minni hluti, studdur af hervaldi. Dómararnir í hæstarétti þóttu þá í meira lagi fylgispakir íhaldinu. Minnti Zahle tilheyrendur sína á hið sorglega fræga mál, þegar íhaldsmenn létu taka einn af foringjum bænda (Berg) fastan á fundi yfir á Jótlandi, hneppa í fangelsi fyrir engar sakir nema að hafa pólitískar skoðanir í andstöðu við íhaldsmenn. Hæstiréttur dæmdi Berg í hegningarbúsvinnu — alsaklausan. Missti hann heilsuna af þessu ofbeldi og ranglæti og andaðist skömmu síðar. Lengi lá mál þetta niðri, þótt brot réttarins væri kunnugt öllum þeim, er til þekkja eitthvað danskrar sögu á 19. öldinni. En við umræðurnar í ríkisþinginu um endurbætur á hæstarétti kom þessi hin mikla og alkunna höfuðsök hins gamla skipulags eins og þungvæg röksemd fyrir opinberri atkvæðagreiðslu og fullkominni persónuábyrgð hvers dómara á verkum sínum.

Að vísu þótti eftirkomendum danskra hægrimanna þungt að búa undir hinni hörðu en réttmætu gagnrýni Zahle á dómnum um Berg, en þeir rifuðu seglin, er ekki varð á móti staðið með rökum. Viðurkenndu fulltrúar allra flokka í Danmörku þegar í byrjun við meðferð málsins, að opinber atkvæðagreiðsla væri æskileg umbót.

5. Um aldur dómenda í fimmtardómi og um það, hvort flytja skyldi

dómara hæstaréttar umtalslaust i fimmtardóm, urðu i fyrra allmiklar umræður. Aldursákvæðið hefði tryggt, að aldrei yrðu útslitnir menn i fimmtardómi. En það öryggi kostaði peninga, og það fé virtist þingið að svo stöddu ekki fúst að láta i té. Á hinn bóginn náði hið nýja skipulag ekki til dómenda úr hæstarétti, ef þeir fluttust milli rétta, alveg eins og nú er gert ráð fyrir að kröfurnar um þekkingu i siglingafræði nái aðeins til nýrra dómenda.

Að öðru leyti var allur sá hávaði, sem settur var upp i sambandi við það þjóðarólan, sem sumir töldu verða, ef einhverjir af dómendum hæstaréttar flyttust ekki yfir i fimmtardóm, i meira lagi kýmilegur. Allir dómendur hæstaréttar voru þá, 1930, komnir á þann aldur, að þeir gátu hver um sig, samkvæmt stjórnarskránni, tekið sér algerða hvild og haldið þó fullum launum. Sömuleiðis geta stjórnir landsins veitt þeim lausn og full laun, er þeir hafa náð tilteknum aldri. Það var þess vegna meiri háttar misskilningur þeirra manna, sem ekki skildu, að formsbreytingin á aðaldómstólnum er mikið mál, en hitt lítilsvirði i sjálfu sér, hvort einhver maður, sem heitir Pétur eða Páll, er einu eða tveimur missirum lengur starfandi dómari i einhverjum rétti. Þvillikar rökvillur fremja þeir einir, sem hugsa um hin stærstu mál i embættisauratali augnabliksins, en ekki um skipulagsbreytingar, sem gripa inn i líf margra kynslóða.

6 Í frv. um fimmtardóm, sem lagt var fyrir Alþingi 1930, voru ákvæði um að laun fimmtardómenda skyldu vera nokkru hærrí en nú gerist i hæstarétti. Sömuleiðis að fimmtardómsritari skyldi vera fastur embættismaður. En með því að það kom i ljós, að það voru andstæðingar málsins, sem fústastir voru að hækka laun dómenda og ritara, þykir ekki ástæða til að halda þeirri breytingu fram til þrautar nú. Má alltaf bæta launin síðar, einkum ef i ljós kæmi, að sæmilega álitlegir menn hliðruðu sér hjá að fara i réttinn, nema launakjörin væru bætt.

7. Við skilyrðin til dómenda i fimmtardómi hafa verið gerðar tvær smábreytingar. Hin fyrri er sú, að maður, sem hafi sýnt verulega yfirburði i fræðilegum lögvisindaiðkunum, geti orðið dómari, þótt eigi hafi hann verið embættismaður eða flutt mál. Það væri einmitt æskilegt, að fleiri lögfræðingar vildu halda áfram fræðsluiðkunum i sinni grein heldur en verið hefir, og þykir rétt að hlynna að þeirri vitleitni. Síðara atriðið lýtur að því, að fimmtardómendur skuli hafa nokkra þekkingu i siglingafræði. Er til þessa hin brýnasta þörf. Mjög mikið af málum aðaldómstólsins eru mál, er reyna á sjómannsþekkingu. Á það fyrst og fremst við um öll brotamál út af landhelgisveiðum, svo og mál út af árekstri og ströndum skipa. Mörg af þessum málum eru viðkvæm utanríkismál, og hver dómur i erlendum togaramálum er síðan gagnrýndur af sérfróðum mönnum i flotamálaráðuneytum tveggja stórþjóða. Ef islenzkum aðaldómstóli verður á að álykta rangt i slíkum málum fyrir vantandi kunnáttu, þá getur af því leitt mikinn voða fyrir þjóðina.

Fram að þessu mun hæstiréttur hafa i slíkum málum leitað til skólastjórans við stýrimannaskólann, Páls Halldórssonar. Á leiðbeiningum hans hefir rétturinn orðið að byggja niðurstöður i mörgum togaramálum. En nú er fokið i þetta skjól líka, því að hr. Páll Halldórsson hefir tekið að sér síðast-

liðið ár að verja mál íslensks togara, sem dæmdur hefir verið í undirrétti fyrir einsýnt landhelgisbrot. Það er vitaskuld ómögulegt fyrir aðaldómstól landsins að verða að leita út í bæ eftir sérþekkingu í hinum vandasömum málum, og geta því aldrei vitað nema þeir fyrirhitti menn, sem eru orðnir flæktir í málið. Eina leiðin út úr vandanum er það, að dómarnir hafi nokkra þekkingu í siglingamálum. Hliðstætt dæmi er það, að skipstjórar taka nokkurt próf í vélfræði. Ekki af því að þeir eigi að geta orðið jafnsnjallir vélstjórum, heldur til að skipstjóri beri í aðalatriðum skyn á svo mikilsverðan hlut eins og vélin er í skipi því, er hann á að stýra.